

Nd.

158. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Þegar stofnað er hér á landi, eftir að lög þessi öðlast gildi, nýtt iðn- eða iðjufyrirtæki í þeim greinum, sem ekki hafa verið starfræktar hér á landi áður, þá skal fyrsta fyrirtækið í hverri grein vera undanþegið greiðslu á tekju- og eignarskatti í rikissjóð og á útsvari í bæjar- eða sveitarsjóð í 3 ár eftir að það var stofnað. Eftir þann tíma greiði fyrirtæki þessi útsvör og skatta sem aðrir, samkvæmt gildandi lögum.

2. gr.

Það teljast ný iðn- og iðjufyrirtæki samkvæmt lögum þessum:

- a) sem framleiða vörur, er ekki hafa áður verið búnar til hér á landi,
- b) sem við framleiðsluna nota nýjar aðferðir, sem ekki hafa verið notaðar hér áður og í verulegum atriðum eru frábrugðnar eldri aðferðum og taka þeim fram, og
- c) sem til framleiðslunnar nota innlend hráefni, er ekki hafa verið notuð hér áður.

3. gr.

Verði ágreiningur um, hvað teljast skuli ný iðn- og iðjufyrirtæki, sker atvinnumálaráðherra úr því, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna.

4. gr.

Sé hið nýja fyrirtæki hluti úr öðru stærra, kemur skatta- og útsvarseftirgjöf þessi því aðeins til framkvæmda, að reikningshaldi hins nýja fyrirtækis sé haldið algerlega aðgreindu frá öðru reikningshaldi fyrirtækisins, enda nái eftirgjöfin þá aðeins til þess hlutans, sem nýr er.

5. gr.

Nú telur einhver sig hafa stofnað nýtt fyrirtæki samkvæmt lögum þessum og vill njóta hlunninda þeirra, er þau fela í sér, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra skýrslu um það og ósk um, að þetta fyrirtæki verði undanþegið útsvari og skatti í næstu 3 ár. Úrskurð ráðherra skal síðan senda viðkomandi skattanefnd og niðurjöfnunarnefnd.

6. gr.

Hlunnindi þau, sem lög þessi veita, koma því aðeins til framkvæmda, að sá arður, sem fyrirtækinu kann að safnast þau 3 ár, sem lögin taka til, verði óskiptur lagður í varasjóð fyrirtækisins, að frádregnum í mesta lagi 4% af stofnfé.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.